

Fundargerð 73. fundar Hafnarstjórnar

Hafnarstjórn kom saman til fundar þriðjudaginn 10.mars kl. 18.30 í fundarsal bæjarstjórnar.

Mætt voru: Sturla Böðvarsson bæjarstjóri, Sigurbjartur Loftsson byggingafulltrúi, Hrannar Pétursson hafnarvörður, Guðmundur K. Björnsson, formaður, Atli R. Sigurþórsson, Eydís Jónsdóttir, Páll Guðmundsson, Alex Páll Ólafsson og Kristín Rós Jóhannesdóttir

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna, gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Tekin fyrir beiðni um stöðuleyfi fyrir „söluvagn“ samanber umfjöllun um erindið í skipulags og bygginganefnd.

Stöðuleyfið samþykkt og byggingafulltrúa falið að staðsetja söluvagn í samráði við hafnarvörð

2. Kynning á tillögu að breyttri deiliskipulagningu á hafnarsvæðinu við Skipavík.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir áformum um uppsetningu verksmiðju sem vinnur þörunga.

Byggingafulltrúi kynnti hugmyndir um deiliskipulag af stækkuðu hafnarsvæði í Skipavík. Hafnarvörður vék af fundi vegna anna við móttöku báta og vigtun.

3. Bæjarstjóri gerði grein fyrir helstu verkefnum við endurbætur og viðgerðir hafnarmannvirkja.

4. Þjónusta hafnar vegna skemmtiferðaskipa.

Rætt lauslega um hvað þarf að gera til þess að laða að skip og njóta þeirra viðskipta sem fylgir komu skipa. Hafnarvörður mun kynna málið betur á næsta fundi.

5. Byggingafulltrúi kynnti áform um að leggja nýja skólupútrás í Maðkavík með dælistöð.

6. Önnur mál.

Alex Páll Ólafsson vakti máls á nauðsyn þess að skipuleggja gjöldtöku vegna bílastæða við höfnina. Bæjarstjóri gerði grein fyrir því að bæjarstjórn hefði samþykkt gerð deiliskipulags og þar með að bílastæði sem væru gjaldskyld væru skipulögð.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19.40

Sturla Böðvarsson, fundarritari (sign)

Guðmundur K. Björnsson (sign.),

Atli R. Sigurþórsson (sign.),

Páll Guðmundsson (sign.),

Alex Páll Ólafsson (sign.),

Kristín Rós Jóhannesdóttir (sign.).